

19. september 2013

**Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis**

Efni: Svar við beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd um yfirlit yfir útgjöld rannsóknarnefnda Alþingis.

Á vegum Alþingis hafa starfað þrjár rannsóknarnefndir. Fyrsta nefndin fjallaði um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna og skilaði skýrslu 12. apríl 2010. Önnur rannsóknarnefnd sem fjallaði um Íbúðalánasjóð var skipuð í september 2011 og skilaði skýrslu 2. júlí 2013. Þriðja Rannsóknarnefndin fjallaði um aðdraganda og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna var skipuð í lok ágúst 2011. Nefndin hefur ekki lokið störfum sínum en áætlað að skila skýrslu í lok nóvember 2013.

Meðfylgjandi er samantekt á kostnaði við störf nefndanna. Endanlegt uppgjör liggur aðeins fyrir um kostnað við rannsókn á falli bankanna.

**Rannsókn á falli íslensku bankanna.**

Ár.	kostnaður (þús. kr.)
2009	215.819
2010	262.005
Samtals:	477.824


**Rannsókn á Íbúðarlánssjóði.**

Ár.	kostnaður (þús. kr.)
2011	18.100
2012	113.034
2013	81.900 (áætlað)
Samtals:	213.034

**Rannsókn á falli sparisjóðanna.**

Ár.	kostnaður (þús. kr.)
2011	30.500
2012	113.034
2013 (áætlað)	278.290
Samtals:	577.036

Við samanburð á kostnaði er rétt að hafa í huga að rannsókn á falli bankanna var framkvæmd áður en síðari rannsóknirnar hófust. Gera má ráð fyrir 20% hækkun á verðlagi milli tímabila, sem samsvarar um 570 til 580 m.kr.



Alþingi	
Málsnr. 1309119	Ásm.
Dagur 20. sep. 2013	Aðrir
0.54.9	